

Mánudaginn 16. nóvember 1959.

Nr. 197/1959. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
 gegn
Guðjóni Sæmundssyni.

Dómsendur:

hæstaréttardómarmenn Þórður Eyjólfsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson, Ármann Snævarr prófessor og Kristján Kristjánsson borgarfégeti.

Kærumál. Kröfu um frávisun frá héraðsdómi hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. október 1959, er barst dóminum 27. s. m. Krefst sóknaraðili þess *aðallega*, að máli varnaraðilja gegn honum verði í heild vísað frá héraðsdómi, en *til vara*, að aðalkröfum varnaraðilja í héraði verði vísað frá héraðsdómi. Svo krefst hann og málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðilja ber að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 2.000,00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði varnaraðilja, Guðjóni Sæmundssyni, kærumálskostnað, kr. 2.000,00.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 13. október 1959.

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, dags. 13. apríl þ. á., af Guðjóni Sæmundssyni, Tjarnargötu 10 hér í bæ, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Gerir stefnandi þær dómkröfur *aðallega*, að **skattur** sá, kr. 160.040,00, sem honum var gert

að greiða samkvæmt lögum nr. 44/1957, um skatt á stóreignir, verði algerlega felldur niður, en *til vara* krefst hann þess, að skattfjárhæðin verði lækkuð til mikilla muna. Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess *aðallega*, að málinu verði í heild vísað frá bærjarþinginu, en *til vara*, að aðalkröfu stefnanda verði vísað frá dómi. Að því er efnishlið málsins varðar, krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómarans, hvort sem frávísunar- eða sýknukrafan verði tekin til greina.

Frávísunarkrafa stefnda hefur verið tekin til meðferðar sérstaklega, og fór fram munnlegur málflutningur um hana 29. f. m.

Við álagningu skatts samkvæmt lögum nr. 44/1957 var stefnanda gert að greiða kr. 160.040,00 í skatt. Hann hefur eigi viljað una skattálagningu þessari og hefur því höfðað mál þetta til þess að fá skattgjald sitt fellt niður. Er málssókn hans í höfuðatriðum byggð á því í fyrsta lagi, að hér sé eigi um skattálagningu að ræða, heldur eignatöku, sem sé óheimil samkvæmt 41., 42., 67. og 69. gr. stjórnarskrárinnar. Í öðru lagi byggir hann kröfu sína á því, að margir stærstu skattþegnar ríkisins séu undanþegnir þessum skatti, og í þriðja lagi telur stefnandi, að fella beri skattinn niður vegna þess, að rétti sínum sé stórlega hallað samanborið við aðra skattþegna.

Frávísunarkröfu sína styður stefndi þeim rökum, að með dómi Hæstaréttar 29. nóvember 1958 í málinu: Guðmundur Guðmundsson o. fl. gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, — sem flutt hafi verið sem dæmimál um gildi laga nr. 44/1957, hafi komið fram og verið dæmt um sömu ógildingarrök og stefnandi beri fyrir sig í þessu máli. Liggi því þegar fyrir endanleg efnisúrlausn dómstóla á þeim sakaratriðum, sem mál þetta er risið af, þ. e. gildi nefndra laga, nr. 44/1957, og sé dómsniðurstaða vegna eðlis málsins einnig bindandi í þessu máli, þótt málsaðiljar séu eigi hinir sömu. Beri því samkvæmt 2. málsg. 196. gr. laga nr. 85/1936 að vísa málinu frá dómi. Málshöfðun þessi sé líka í því einu skyni gerð að tefja skattheimtuna og koma í veg fyrir, að lögtaki verði beitt til innheimtu skattgjalds stefnanda. Máltilbúnaður stefnanda sé þannig í raun og veru misnotkun á dómstólunum, og eigi þeir ekki að ljá slíkri háttsemi lið. Loks telur stefndi, að varakrafa stefnanda sé svo vanreifuð, að vísa beri henni frá dómi þegar af þeirri ástæðu.

Stefnandi, sem hefur mótmælt frávísunarkröfunni og krafizt

þess, að henni verði hrundið, neitar því, að framannefndur dómur Hæstaréttar frá 29. nóvember 1958 geti á nokkurn hátt verið bindandi úrslit sakarefnis fyrir sig, því að hvort tveggja sé, að það mál hafi verið milli annarra aðilja en þetta mál, og geti ákvæði 2. mgr. 196. gr. laga nr. 85/1936 því eigi átt við um það. En auk þess beri hann í þessu máli fram ýmsar málsástæður, sem eigi hafi komið til álita í fyrrnefndu hæstaréttarmáli. Þá mótmælir stefnandi því eindregið, að málshöfðun hans sé gerð í því skyni að tefja fyrir skattheimtu ríkisins eða að hún sé á nokkurn hátt misnotkun á dómstólum ríkisins. Hann sé þvert á móti að leita þeirrar verndar dómsvaldsins og þess réttaröryggis, sem þegnar þjóðfélagsins eigi kröfu til. Loks neitar stefnandi því, að á skorti um greinargerð af sinni hálfu, að því er varakröfuna um lækkun skattsins varðar, en 10. gr. laga nr. 44/1957 feli í sér skýlausa heimild til þess að bera einnig skattfjárhæðina undir mat dómstólanna.

Í máli því, er hér liggur fyrir til úrlausnar, er því að vísu svo háttað, að málsefnið er í öllum höfuðatriðum hið sama og í áðurgreindu hæstaréttarmáli Guðmundar Guðmundssonar og Trésmiðjunnar Víðis h.f. gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og gagnsök, sem dæmt var að nokkru leyti 29. nóvember 1958, þ. e. um almennt gildi laga nr. 44/1957. En þar sem aðiljar þessa máls eru eigi hinir sömu og í nefndu máli, verður eigi talið, að ákvæði 2. mgr. 196. gr. laga nr. 85/1936 leggi hömlur á það, að stefnandi reki sjálfstætt mál um skattskyldu sína samkvæmt nefndum stóreignaskattslögum, enda hefur hann áður leitað úrskurðar réttra skattyfirvalda um skattgjald það, sem honum var gert að greiða. Auk þess virðast ýmsar málsástæður hafðar uppi á þessu máli umfram þær, sem um var dæmt í áðurgreindu hæstaréttarmáli. Verður málinu því eigi vísað frá dómi af þessum ástæðum.

Það kemur að vísu fram á dóm skjali 4, sem er orðsending Félags stóreignaskattsgreiðenda til stóreignaskattsgjaldenda, að félagið mælir með málshöfðunum fyrir bæjarþingi Reykjavíkur í því skyni, eins og það er orðað, að „fyrirbyggja lögtök hjá stefnanda, meðan mál hans er fyrir bæjarþinginu og Hæstarétti, verði því skotið þangað“, og má ætla, að það sé einn þátturinn í þeirri starfsemi félagsins „að vinna að því af fremsta megni, að lög nr. 44/1957 komi ekki til framkvæmda, en verði numin úr gildi sem allra fyrst“. En þar sem stefnandi samkvæmt framansögðu getur efnislega borið skattmál sitt fyrir dómstólana, þykir sú viðleitni Félags stóreignaskattsgreiðenda, — en stefnandi þessa máls virðist vera

aðili að því, — sem í reynd birtist í þessari málssókn og öðrum hliðstæðum, þó eigi geta leitt til vísunar málsins frá dómi, enda munu yfirvöld þau, sem hafa innheimtu skattsins með höndum, eigi enn hafa krafizt lögtaks hjá stefnanda, og er því eigi reynt, hvort eða að hve miklu leyti málssókn hans hér fyrir bæjarþinginu yrði talin skattheimtunni til fyrirstöðu. Verður þessi frávísunarástæða stefnda því eigi heldur tekin til greina.

Að því er varakröfu stefnanda um lækkun skattsins varðar, þá er hún á því reist, að eignir hans séu ofmetnar til skatts. Það kemur þó eigi fram af gögnum þeim, sem hann hefur lagt fram í málinu, hvaða eignir hann telur ofmetnar, en samkvæmt skjölum, sem stefndi leggur fram, þ. e. stóreignaskýrslu og afritum af skattkærum stefnanda, verður að ætla, að það muni fyrst og fremst vera fasteignir hans, sem hann telur ofmetnar. Stefnanda bar að vísu samkvæmt 105. gr. laga nr. 85/1936 að gera fyllri grein fyrir þessari kröfu sinni í stefnu eða greinargerð og tilgreina, hvaða eignir hann teldi ofmetnar og hvers vegna. En þar sem gagnasöfnun málsins er eigi enn lokið, þykir þó með vísun til 116. gr. sömu laga eigi næg ástæða til þess að vísa þessum kröfulið frá dómi vegna ófullnægjandi greinargerðar.

Samkvæmt þessu verður frávísunarkrafa stefnda ekki tekin til greina.

Kveðið verður á um málskostnað, er málið verður dæmt að efni til.

Hákon Guðmundsson setu-borgardómari kvað upp úrskurð þenna.

Ályktarorð:

Krafa stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, um vísun málsins frá bæjarþinginu verður eigi tekin til greina.
